

Kjósum VG 14. maí

Göngum lengra í Borgarbyggð



VINSTRI GRÆN

Borgarbyggð til framtíðar

Borgarbyggð er það sveitarfélag sem verður næsta uppbyggingarsvæði landsins, en til þess þarf samfélagið að vera í stakk búið til að taka á móti uppbyggingunni. Lykilatriði í því er að kynna sveitarfélagið bæði fyrir fólki og fyrirtækjum og bæta aðgengi að upplýsingum. Við viljum að arfleifð Borgarfjarðar, sem snýr að landbúnaði, menningu og menntun sé sýnileg íbúum og ferðafólki og sé lykilatriði í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu framtíðarinnar. Í samfélagi örra breytinga þarf sveitarfélag eins og Borgarbyggð að bregðast við og bjóða t.d. upp á fjarvinnukjarna í sveitarfélaginu.

Vinstri græn vilja:


- Að sveitarfélagið hafi á sínum snærum fulltrúa **sem aðstoðar fólk og fyrirtæki við að flytja í sveitarfélagið og komast inn í samfélagið**. Í þessu fælist að aðstoða nýja íbúa við að komast í tómtundir, greiða fyrir og aðstoða einstaklinga og fyrirtæki við uppbyggingu í sveitarfélaginu og loks að kynna Borgarbyggð markvisst fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem ákjósanlegan kost
- Opna öflugna skrifstofukjarna í sveitarfélaginu þar sem ólík starfsemi getur **samnýtt aðstöðu og byggt upp öflugt tengslanet**. Við viljum styðja sérstaklega við nýsköpunarfyrirtæki og starfsemi í tengslum við háskólana í sveitarfélaginu
- **Efla uppbyggingu og nýsköpun í landbúnaði**. Mikilvægt er að sveitarfélagið styðji bændur til nýtingar á sínu landsvæði
- **Bæta aðgengi að upplýsingum** um afþreyingu og áhugaverða staði í sveitarfélaginu
- **Greiða aðgengi fyrirtækja** sem vilja hefja starfsemi í sveitarfélaginu, t.a.m. með áframhaldandi ívilnunum af lóðagjöldum
- **Sveitarfélagið eigi frumkvæði** að því að laða til sín nýja íbúa og starfsemi
- **Bæta aðgengi að söfnum sveitarfélagsins** t.a.m. með breyttum opnunartíma og fjölbreyttum viðburðum

Fjölskyldu og velferðarmál


Borgarbyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag þar sem fjölbreyttir búsetukostir eru fyrir hendi. Forsenda fyrir búsetu er nálægð við skóla og mikilvægt að öll endurskoðun á fyrirkomulagi í þeim efnum sé í samráði við íbúa svæðisins og fagaðila. Við viljum halda áfram með uppbyggingu íþróttamannvirkja og efla fjölbreytt tólmstundastarf barna, ungmenna og allra íbúa. Mikilvægt er að samfélagið í Borgarbyggð sé samfélag allra, óháð þeim þáttum sem gera okkur ólík. Við viljum því efla upplýsingagjöf og aðkomu mismunandi þjóðfélags hópa að málefnum sem að þeim snúa.

Vinstri græn vilja:

- Efla samstarf á milli skólastofnana sveitarfélagsins **svó mannauður nýtist sem best**
- Efla þjónustu sérfræðinga í félagsþjónustu og fræðslumálum til að **mæta aukinni og fyrirbyggjandi þjónustupörf innan sveitarfélagsins**
- Halda áfram **uppbyggingu skólahúsnæðis** í samræmi við viðhaldspörf og nýjar áherslur í skólustarfi
- Halda áfram að móta framtíðarsýn leikskólamála í Borgarnesi og **mæta aukinni þörf fyrir leikskólaláss**
- Ljúka undirbúningsvinnu við **endurbætur og uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi** og hefja framkvæmdir
- Taka vel á móti innflytjendum með **góðri og skýrri upplýsingagjöf** og að sveitarfélagið hafi á sínum snærum starfsfólki til að leiðbeina nýjum íbúum
- Upplýsingar sem snúa að sveitarfélaginu séu í **boði á fleiri tungumálum**



- Allir íbúar eigi sitt sæti við borðið þegar kemur að ákvarðanatökum sem þau varðar, **huga þarf sérstaklega að minnihlutahópum** þegar að þessu kemur
- Sveitarfélagið þarf að beita sér fyrir **aukinni aðkomu ríkisins hvað varðar heilbrigðis- og félagsþjónustu**



Skipulags- og umhverfismál

Borgarbyggð er sveitarfélag í sókn, sífellt fleiri sjá hag sínum betur borgið á landsbyggðinni og við viljum vera tilbúin að bjóða fólk og fyrirtæki velkomin í sveitarfélagið. Fjölga þarf lóðum, bæði fyrir íbúðabyggð og fyrirtæki og mikilvægt er að sveitarfélagið sinni sínu hlutverki bæði hratt og vel.

Við viljum færa þjóðveg 1 út fyrir Borgarnes en með því eykst umferðaröryggi innanbæjar í Borgarnesi og tækifæri gefst til að endurhuga miðbæ Borgarness.

Vinstri græn vilja:

- Gera **stórátak í uppbyggingu hverfa í Borgarbyggð allri**, fjölbreyttar lóðir verði í boði við þá þéttbýliskjarna sem nú þegar eru til staðar og fara þarf í auknið skipulag á Hvanneyri með tilliti til stærri íbúðabygðar
- Byggja upp hverfið handan Borgarvogs í **sátt við náttúru og mannlíf**
- **Lifandi Brákarey** sem verður bæði aðlaðandi fyrir íbúa og ferðafólk. Leitað verði leiða til að viðhalda sögu og menningu eyjunnar um leið og hún verði miðstöð frístundaíðkunar

- **Uppbyggingu á grænni orku í sveitarfélaginu**, en sú uppbygging þarf að vera í sátt við náttúru og samfélag á svæðinu
- **Áframhaldandi uppbyggingu áningastaða**, göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu öllu




Stjórnsýsla og fjármál

Mikilvægt er að stjórnsýsla Borgarbyggðar sé til fyrirmyndar og að mismunandi þjónustusvið sveitarfélagsins séu skoðuð reglulega svo gera megi úrbætur þar sem þarf. Til að tryggja slíkt verði komið á gæðamælikvörðum, þeir mældir og fylgt eftir. Í allri þeirri uppbyggingu sem framundan er er mjög mikilvægt að fjármálastjórnun sé ábyrg.

Vinstri græn vilja:

- **Gera reglulegar þjónustukannanir hvað varðar þjónustu sveitarfélagsins** svo hægt sé að gera hana sem besta úr garði
- **Efla skipulagssvið Borgarbyggðar svo afgangslengd sé sem styst**, þannig mætum við uppbyggingu í sveitarfélaginu fljótt og örugglega
- **Halda áfram að bjóða afslætti til atvinnufyrirtækja** á lóðum og lóðagjöldum
- **Halda fast við Brúnna til framtíðar um leið og markmið hennar verða endurskoðuð með tilliti til uppbyggingaráætlunar innan sveitarfélagsins**



Framboðslisti

Borgarbyggð



1. sæti
Thelma Dögg Harðardóttir




2. sæti
Brynja Þorsteinsdóttir



3. sæti
Friðrik Aspelund



4. sæti
Guðrún Steinunn
Guðbrandsdóttir



5. sæti
Bjarki Þór Grönfeldt
Gunnarsson



6. sæti
Lárus Eliasson



7. sæti
Ísfold Rán Grétarsdóttir



8. sæti
Helgi Eyleifur Þorvaldsson




9. sæti
Rakel Bryndís Gísladóttir



10. sæti
Guðmundur Freyr
Kristbergsson



11. sæti
Guðrún Hildur Þórðardóttir



12. sæti
Kristberg Jónsson



13. sæti
Jónína Svavarsdóttir



14. sæti
Ása Erlingsdóttir



15. sæti
Flemming Jessen



16. sæti
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir



17. sæti
Guðbrandur Brynjúlfsson



18. sæti
Ingibjörg Danielsdóttir

Vinstri græn í Borgarbyggð vilja:

- Gera stórátak í uppbyggingu hverfa í Borgarbyggð allri og sjá til þess að fjölbreyttar lóðir verði í boði í öllum þéttbýliskjörnum.
- Standa vörð um leik- og grunnskólana í sveitarfélaginu.
- Færa þjóðveginn út fyrir byggð í Borgarnesi og auka þannig umferðaröryggi og þétta byggð í bænum.
- Byggja upp betri miðbæ í Borgarnesi samráði við íbúa.
- Auka sýnileika Borgarbyggðar út á við, með áherslu á sveitarfélag sem er aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki.
- Auka stuðning við nýsköpun í sveitarfélaginu og útbúa góða aðstöðu fyrir fjarvinnu.
- Hafa náttúruvernd að leiðarljósi í uppbyggingu nýs hverfis handan Borgarvogs. Haldið verði í náttúrulegt landslag strandlengjunnar eftir fremsta megni.
- Tækifærin í Brákarey verði nýtt og skipulag ákvarðað í samráði við íbúa.
- Efla veg safnamála í sveitarfélaginu öllu svo aðgengi íbúa og ferðamanna verði enn betra að sagnaarfi Borgarbyggðar.
- Móta framtíðarsýn í málefnum fatlaðra í samráði við notendur þjónustunnar.
- Halda áfram með uppbyggingu íþróttamannvirkja og skóla- húsnaðis, og efla fjölbreytt tómsundastarf barna, ungmenna og allra íbúa.

Göngum lengra

Kynntu þér málin okkar: x22.vg.is
Vertu með: [facebook.com/
vinstrigraenborgarbyggd](https://www.facebook.com/vinstrigraenborgarbyggd)



XV
14. maí